



31. ágúst 2022

Fjarðabyggð
Fljótsdalshreppur
Múlaþing
Vopnafjarðarhreppur

Efni: Fjallskilasamþykkt

Eins og sveitarfélögunum er kunnugt þá hefur um nokkurt skeið staðið yfir vinna við nauðsynlega endurskoðun á gildandi fjallskilasamþykkt fyrir starfssvæði SSA. Uppfærð fjallskilasamþykkt var á liðnu kjörtímabili staðfest af sveitarstjórnnum á starfssvæði SSA en birting samþykktanna tafist m.a. vegna ábendinga frá Matvælaráðuneyti.

Stjórn SSA fól framkvæmdastjóra og formanni með aðkomu Jóns Jónssonar lögmanns að gera nauðsynlegar úrbætur í samræmi við ábendingar ráðuneytisins.

Meðfylgjandi er uppfærð fjallskilasamþykkt, en breytingar snúa að uppfærslu miðað við breytta sveitarfélagaskipan eftir sameiningu Múlaþings auk þess sem texti í tveimur greinum var aðlagður samræmi við áður nefndar ábendingar ráðuneytisins. Meðfylgjandi er samþykktin og eru breytingar frá áður samþykkttri fjallskilasamþykkt auðmerkt með rauðu.

Hér með er óskað eftir að sveitarstjórnir á starfssvæði SSA taki fjallskilasamþykktina aftur fyrir og staðfesti. Breyttar samþykktir þurfa eina umræðu í sveitarstjórn þar sem málefnið hefur áður verið á dagskrá. Eftir staðfestingu allra sveitarfélaga á starfssvæði SSA verður samþykktin send til birtingar í Stjórnartíðindum og mun þá öðlast gildi.

Í tengslum við innleiðingu og beitingu nýrrar fjallskilasamþykktar á Austurlandi bjóðum við fulltrúum í nefndum sem og starfsmönnum sem fara með málaflökkinn til **sameiginlegs fjarfundar þann 5. september kl. 13:00**. Tilgangur fundarins er að fara yfir samþykktirnar, beitingu þeirra sem og tengsl við önnur lög og reglugerðir sem fjalla um málefnið. Gestir fundarins verða Jón Jónsson lögmaður sem hefur verið ráðgjafi SSA í tengslum við frágang samþykktanna sem og Þorsteinn Bergsson, dýraeftirlitsmaður hjá MAST en hann tók þátt í undirbúningsnefnd við mótun nýrra samþykktta. **Fundarboð í tölvupósti ásamt fundarhlekki verður sent í dag, miðvikudaginn 31.8.2022**

Nánari upplýsingar veita Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri og Páll Baldursson, verkefnastjóri hjá Austurbrú.

Fh. stjórnar SSA


Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri